

Árið 2012, mánudaginn 18. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, af Ragnheiði Thorlacius, héraðsdómara, kveðinn upp í máli nr. S-75/2012

Ákærvaldið

*(Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Selfossi)*

gegn

Aroni Gunnarssyni,

*(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)*

Atla Frey Garðarssyni,

*(Guðmundur St. Ragnarsson hdl.)*

X

*(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)*

og

Guðmundi Frey Böðvarssyni

*(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)*

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var þann 22. mars 2012 og dómtekið þann 23. maí sama ár, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 27. febrúar 2012, á hendur Aroni Gunnarssyni, kt. 000000-0000, til heimilis að Sléttahrauni 24, Hafnarfirði, Atla Frey Garðarssyni, kt. 000000-0000, til heimilis að Bröttukinn 12, Hafnarfirði, X og Guðmundi Frey Böðvarssyni, kt. 000000-0000, til heimilis að Lækjarási 3, Garðabæ;

„*fyrir líkamsárás* með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 10. apríl 2011 á bifreiðastæði við verslun N1 við Hrísmýri á Selfossi, sameiginlega veist að Örvari Þór Arasyni, kt. 000000-0000 þannig að hann féll í götuna þar sem ákærðu gengu í skrokk á honum og m.a. spörkuð [*sic*] ítrekað í hann þ. á. [*sic*] m. í andlit brotþola, allt með þeim afleiðingum að Örvar hlaut brot á vinstri framhandlegg, mar hægra og vinstra megin á höfði, kúlu fyrir ofan hægra gagnauga og mar fyrir ofan vinstra eyra, glóðarauga, skurð við hægra auga, marbletti á hrygg og bólgu og mar á nefi.

Telst brot ákærðu varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 2. mgr. 70. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í ákæru er tekin upp einkaréttarkrafa Örvars Þórs Arasonar, en krafan er svohljóðandi:

„*Einkaréttarkrafa*

Í málinu gerir Óðinn Elíasson hrl. kröfu f.h. brotþola um að ákærðu verði gert að greiða samtals kr. 700.000 in solidum í skaða- og miskabætur, með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 10. apríl 2011, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi sem mánuður er liðinn frá því að árásarmönnum var kynnt krafan til greiðsludags. Þá er jafnframt krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti.“

Við þingfestingu málsins þann 22. mars sl. neituðu ákærðu Atli og X sök og að þeirra ósk voru þeim skipaðir verjendur og málinu frestað ótiltekið. Með bréfi dags. 23. mars sl., voru ákærðu Aroni og Guðmundi, að þeirra ósk, skipaðir verjendur. Í samráði við sakarflytjendur og lögmann brotþola var aðalmeðferð ákveðin þann 29. maí sl., en var síðan flýtt utan réttar til 23. maí sl., eins og áður er rakið. Ákæra var kynnt ákærðu Aroni og Guðmundi við upphaf aðalmeðferðar. Ákærði Aron játaði sök að hluta en ákærði Guðmundur neitaði sök.

Af hálfu ákærða Arons er þess aðallega krafist að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög frekast leyfa og bótakrafa verði lækkuð. Þá krefst verjandi ákærða Arons málsvarnarlauna sér til handa að mati dómsins.

Af hálfu ákærða Atla er þess aðallega krafist að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og miskabótakröfu vísað frá dómi. Til vara er þess krafist að ákærði verði sýknaður af broti gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot hans eingöngu heimfært undir 217. gr. sömu laga og ákærða verði ekki gerð sérstök refsing og sýknaður af bótakröfunni. Til þrautavara er þess krafist að ákærða verði gerð sú vægasta refsing sem lög frekast leyfa og bótakrafa lækkuð stórlega. Þá krefst verjandi ákærða Atla Freys málsvarnarlauna sér til handa að mati dómsins.

Af hálfu ákærða X er þess aðallega krafist að refsing ákærða verði felld niður með vísan til 3. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara er þess krafist að ákvörðun um refsingu ákærða verði frestað skilorðsbundið með vísan til heimildar í 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til þrautavara er þess krafist að ákærði verði einungis dæmdur til vægustu refsingar sem lög frekast leyfa. Aðalkrafa ákærða er að bótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara er gerð krafa um að ákærði verði sýknaður af bótakröfunni og til þrautavara að bótakrafa verði lækkuð verulega. Þá krefst verjandi ákærða X málsvarnarlauna sér til handa að mati

dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærða Guðmundar er þess aðallega krafist að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð og bótakröfu vísað frá dómi. Til vara er þess krafist að ákærði verði einungis dæmdur til vægustu refsingar sem lög frekast leyfa, og bótakrafa verði lækkuð verulega. Þá krefst verjandi ákærða Guðmundar málsvarnarlauna sér til handa að mati dómsins.

Af hálfu brotþola eru gerðar sömu kröfur og í bótakröfunni sjálfri greinir og vísað er til greinargerðar lögmanns brotþola.

### *Málsatvik*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kom hún á vettvang á bifreiðastæðið við verslun N1 við Hrísmýri á Selfossi laust eftir klukkan fjögur aðfaranótt sunnudagsins 10. apríl 2011. Á bifreiðastæðinu hafi verið tvær bifreiðar, önnur af gerðinni Subaru og hin Chevrolet Suburban. Fram kemur að við bifreiðarnar hafi verið hópur æstra manna, nokkur ringulreið, háreysti, hótanir um frekara ofbeldi og talsverð ölvun. Á staðnum hafi lögreglu borist tilkynning um að brotþoli, Örvar Þór Arason, væri staddur inni á skemmtistaðnum Hvíta húsinu og hafi hann fyrst verið færður á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og síðan á slysadeild Landsspítala í Fossvogi.

Ákærðu að undanskildum ákærða X voru auk annarra handteknir þá um nóttina og vistaðir í fangageymslu lögreglunnar á Selfossi og voru yfirheyrðir síðdegis sama dag. Á sama tíma mætti ákærði X einnig í yfirheyrslu hjá lögreglu sem og brotþoli, Örvar Þór Arason.

Í málinu liggja frammi tvö læknisvottorð er varða brotþola í máli þessu, Örvar Þór Arason. Annars vegar vottorð undirritað af Ómari Ragnarssyni, lækni, dags. 19. maí 2011, sem byggist annars vegar á upplýsingum sem vakthafandi læknir ritaði í sjúkraskrá Heilbrigðisstofnunar Suðurlands aðfaranótt 10. apríl 2011 og hins vegar upplýsingum um komu brotþola á sömu stofnun þann 11. apríl 2011 þegar áður nefndur Ómar Ragnarsson tók á móti brotþola. Hins vegar liggur frammi vottorð Mús Kristjánssonar, sérfræðings á slysa- og bráðadeild Landsspítala - háskólasjúkrahúsi í Fossvogi, dags. 1. júlí 2011.

Í vottorði Ómars Ragnarssonar segir að við komu brotþola á sjúkrahúsið klukkan 04.30 hafi komið í ljós marblettir á höfði og höfðukúpu og blæðingar aðallega hægra megin á gagnaugasvæði og eymsli við þreifingu. Þá er lýst bólgu og mari á nefi og mari á hægri síðu og baki og að vinstri úlnliður hafi verið mjög aumur og hafi brotþoli verið sendur á bráðamóttöku LSH.

Í vottorði Mús Kristjánssonar kemur fram m.a. að brotþoli hafi verið með áverka á höfði, sérstaklega hægra megin. Þá hafi verið stór haematoma posteríort við gagnauga og einnig anteriort við gagnauga yfir hægra auga en augað hafi verið sokkið og mikil bólga. Smá skurður hafi verið neðan við hægri augabrún, rispur í framan aðallega hægra megin og mar á kinnbeinum. Niður eftir mjóhrygg hafi verið mar báðum megin og þá hafi vinstri úlnliður verið mölbrotinn. Tekin hafi verið tölvusneiðmynd af höfði og andlitsbeinum og komið hafi í ljós mjúkvefja áverkar víðs vegar, en enginn áverki eða blæðing og hvorki höfuðkúpabrot né

hálsbrot. Í kafla um greiningu segir orðrétt: „Brot á neðri enda sveifar, S52.5. Yfirborðsáverki á öðrum hlutum höfuðs, S00.8. Yfirborðsáverki á bol, hæð ótilgreind, T09.0.“ Greint er frá endurkomum 19. apríl og 11. maí 2011 og kemur fram að brotalega á vinstri úlnlið hafi verið góð en brotaþola sem stundi lyftingar og vinni við bílaréttingar hafi verið ráðlagt að fara rólega af stað í lyftingum og vinnu. Þá megi búast við að brotaþoli muni ná sér að fullu.

Þá liggur frammi í málinu vottorð um komu ákærða X á slysa- og bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurlands síðdegis þann 10. apríl 2011. Þar kemur fram að ákærði hafi lent í slagsmálum/líkamsárás nóttina áður. Við skoðun hafi ákærði verið með blæðingu undir húð upp við hársvörð vinstra megin á enni, annað hafi verið 2x3 cm að stærð og hitt 1x2 cm. Fram kemur að bólga og eymsli hafi ekki verið teljandi og engin merki um beináverka og taugaskoðun eðlileg.

#### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.*

Ákærði, Aron Gunnarsson, kvaðst hafa verið á bifreiðastæði N1 umrædda nótt ásamt meðákærðu og fleira fólki og verið undir áhrifum áfengis. Aðspurður um þátt hans í ætlaðri atlögu að brotaþola kvaðst ákærði hafa komið smávegis að henni undir lokin en það sem hann gerði hafi ekki skaðað brotaþola. Nánar tiltekið viðurkenndi ákærði að hafa sparkað tvisvar í brotaþola liggjandi og taldi ákærði nokkuð víst að spörkin hafi lent í maga eða síðu brotaþola og að ekki hafi verið um að ræða föst spörk. Ákærði neitaði að hafa sparkað í höfuð brotaþola og að hafa kýlt brotaþola í bakið eins og haft er eftir ákærða í lögregluskýrslu og gaf þá skýringu á breyttum framburði sínum að hann muni atvik betur nú en þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu þann 10. apríl 2011. Síðar í skýrslutökunni kom fram hjá ákærða að hann hafi sparkað á fullu en spörkin hafi lent á röngum manni, þ.e. meðákærða Guðmundi. Ákærði Aron hafi því ekki náð að koma nema einu eða tveimur spörkum í brotaþola í lokin.

Um aðdraganda og ástæður átakanna kvaðst ákærði hafa verið reiður eftir að brotaþoli veitti ákærða högg en brotaþoli hafi komið óboðinn inn í bifreið þá sem ákærði og vinir hans voru í á umræddu bifreiðastæði. Upphaf átakanna hafi verið með þeim hætti að kallað hafi verið á eftir brotaþola, sem hafi verið þarna með systur sinni og vini, „drullaðu þér í burtu homminn þinn“. Þá hafi brotaþoli komið aftur að bifreiðinni reiður, öskrandi og sýnilega viljað stofna til óláta og spurt hver hafi viðhaft umrætt orðbragð. Þessu hafi lokið með því að ákærði hafi sagt brotaþola að hann, þ.e. ákærði, hafi kallað á eftir brotaþola. Þá hafi brotaþoli löðrungað ákærða, líklega í gegnum opna rúðu. Þá kvaðst ákærði hafa farið út úr bílnum og beðið meðákærða X að koma með en tók fram að það hafi tekið sig nokkurn tíma að komast út úr bifreiðinni þar sem hann hafi setið aftast í bifreiðinni.

Þegar út úr bifreiðinni hafi verið komið hafi rifrildið verið byrjað og meðákærðu Atli og Guðmundur komnir út úr bifreiðinni, en ákærði Aron tók fram að hann hafi hvorki orðið vitni að rifrildinu né átt frumkvæði að átökum við bílinn. Síðar í yfirheyrslunni kom fram hjá ákærða að hann hafi séð meðákærða Guðmund og brotaþola vera að kýtast við bílinn, eins og ákærði Aron orðaði það, og hafi meðákærði Guðmundur slegið brotaþola sem hafi fallið niður. Eftir að brotaþoli

reis upp hafi hann, þ.e. brotaþoli, slegið meðákærða X og kýlt ítrekað út í loftið. Ákærði Aron kvaðst ekki hafa séð umrætt högg þó hann hafi staðið við hliðina á meðákærða X en séð X hníga niður og einnig hafi ákærði Aron heyrt í högginu, eins og hann orðaði það.

Þá lýsti ákærði því að átökin hafi færst frá bifreiðinni og að brotaþoli og meðákærði Guðmundur hafi fallið í götuna við nokkuð háan kant sem þar sé á bifreiðastæðinu en ákærði Aron gat ekki greint frá því hvernig brotaþoli féll. Þegar ákærði var spurður hvort hann hafi séð einhverja aðra sparka í brotaþola bar ákærði fyrir sig minnisleysi og því hve langt væri um liðið. Hann lét þess þó getið að hafa lítið séð til meðákærða X og hvorki séð hann sparka né kýla, en tók fram að X hafi verið gargandi. Aðspurður kvaðst ákærði Aron hafa séð meðákærða X hlaupa bak við hús og komið að honum þar en þá hafi meðákærði X verið að kasta upp eftir höggið. Þá kvaðst ákærði muna eftir að hafa talað lengi við meðákærða X. Ákærði Aron kvaðst hafa reynt að rifja upp hvað hann sjálfur hafi gert og hvar hann hafi verið en tók fram að atburðarásin hafi verið mjög hröð. Ákærði greindi frá því að brotaþoli hafi í lokin sagt „ég gefst upp“ og hafi Kristinn Örn Arnarson þá komið að og stoppað þetta og í framhaldi af því hafi brotaþoli hlaupið í burtu. Ákærði tók fram að slagsmálin hafi hætt þegar brotaþoli hafi sagst gefast upp.

Ákærði, *Guðmundur Freyr Böðvarsson*, kvaðst hafa verið í bifreið á bifreiðastæði N1 umrædda nótt ásamt meðákærðu og fleira fólki og verið blindfullur. Ákærði kvaðst lítinn þátt hafa átt í atlögu að brotaþola en kvaðst hafa snúið brotaþola niður nálægt bifreiðinni og tók fram að brotaþoli hafi átt frumkvæðið með því að rífa í ákærða og rifast við Kristinn Örn Arnarson. Þegar brotaþoli hafi kreppt hnefann að Kristni kvaðst ákærði hafa ýtt við brotaþola með flötum lófa, ákærði hafi ekki ætlað að láta brotaþola vaða yfir sig. Um hafi verið að ræða léttan ýting eins og ákærði orðaði það. Upptökin sagði ákærði hafa verið þau að brotaþoli hafi komið að bifreiðinni sem ákærði og félagar hans sátu inni í og boðið þeim í party. Systir brotaþola eða vinkona hafi verið með honum sem og vinur hans og hafi stelpan lagst blindfull ofan á þá sem í bílnum voru. Svo hafi brotaþoli byrjað að garga og spurt hver hafi kallað sig „homma“. Þessu hafi síðan lokið með því að brotaþoli hafi líklega slegið til meðákærða Arons, sem sat inni í bílnum, og þá hafi ákærði og nokkrir aðrir verið komnir út úr bifreiðinni og minnti ákærða að þar hafi hann snúið brotaþola niður. Aðspurður hvernig hann hafi staðið að því gat ákærði ekki lýst því en tók fram að það hafi ekki þurft mikil átök til þess. Ákærði upplýsti að hann væri 1,75 á hæð og um 82-83 kg. á þyngd en líklega hafi hann verið þyngri í fyrra. Aðspurður kvaðst ákærði einnig hafa fallið í götuna þegar hann snéri brotaþola niður og minnti ákærða að hann hafi lent ofan á brotaþola. Aðspurður hvort það gæti verið að brotaþoli hafi meiðst við fallið kvað ákærði þetta ekki hafa verið mikinn hasar en hann hafi ekki séð hvernig brotaþoli féll á götuna og ekki séð hvort hann bar fyrir sig hendurnar í fallinu. Brotaþoli hafi ekki virst slasaður því hann hafi staðið upp og kýlt einhvern, líklega meðákærða X þarna nálægt bifreiðinni. Ákærði Guðmundur kvaðst líklega líka hafa lent undir brotaþola því meðákærði Atli hafi rífið brotaþola ofan af ákærða Guðmundi.

Ákærði var spurður um það hvernig brotaþoli hafi verið í hátt þegar hann kom að bifreiðinni og hver hafi kallað brotaþola homma. Ákærði kvað brotaþola hafa verið ógnandi og greinilega að leita eftir átökum enda geri það enginn heilbrigður maður að ganga framhjá bíl fullum af strákum og byrja á því að spyrja hver hafi kallað sig „homma“. Ákærði sagði orðrétt, „við svörum auðvitað fyrir okkur, við látum ekki

berja okkur“.

Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa séð brotþola detta á bifreiðastæðinu. Ákærði viðurkenndi að hafa líklega slegið brotþola eitthvað með „opnum“ hnefa, en neitaði að hafa kýlt eða sparkað í brotþola. Ákærði gat ekki lýst atburðarásinni eftir að hann snéri brotþola niður og bar því við að þarna hafi allt verið í kös. Nánar aðspurður kvaðst ákærði eingöngu hafa skammtímaminni en tók fram að það stafaði þó ekki af sjúkdómi. Aðspurður hvort hann hafi séð einhverja berja eða sparka í brotþola sagðist ákærði hafa verið drukkin og ekkert verið að spá í það sem var að gerast í kringum hann, brotþoli hafi tekið alla hans athygli og ákærði ekkert séð nema malbikið. Líklega hafi einhver sparkað í sig þegar hann lá á götunni með brotþola og aðspurður kvað ákærði það vel geta verið að þá hafi einnig verið sparkað í brotþola en það hafi ákærði þó ekki séð. Ákærði greindi frá því að án efa hafi brotþoli handleggsbrotnað þegar hann datt um kantinn milli bílastæðanna en það hafi verið eftir að ákærði snéri brotþola niður. Brotþoli hafi verið að bakka, líklega af því að strákarnir hafi verið að elta hann, en þá hafi hann, þ.e. ákærði, verið í alla vega 5 metra fjarlægð frá brotþola en ákærði tók fram að hann myndi lítið eftir atvikum. Sérstaklega aðspurður ítrekaði ákærði að hann gæti ekki tjáð sig um hvort meðákærðu Aron, Atli og X hafi slegið eða sparkað í brotþola enda hafi ákærði ekkert séð nema malbikið þar sem hann lá á götunni með brotþola.

Ákærði, *Atli Freyr Gardarsson*, kvaðst hafa verið í bifreið á bifreiðastæði N1 umrædda nótt ásamt meðákærðu og fleira fólki og verið mjög drukkin. Aðspurður hvort hann hafi tekið þátt í slagsmálum eða átökum í umrætt sinn kvaðst ákærði ekki beint hafa tekið þátt í þeim, hann hafi aðeins verið að verja vini sína. Ákærði kvað þá félagar hafa farið inn í bifreið eftir að dansleik á skemmtistaðnum Hvíta húsinu lauk og kvaðst ákærði hafa verið síðastur að bifreiðinni. Þá hafi brotþoli verið kominn hálfur inn í bifreiðina og verið að rífast við meðákærða Aron vegna þess að Aron átti að hafa kallað eitthvað á eftir honum. Systir brotþola hafi einnig verið komin inn í bifreiðina. Þá kom fram hjá ákærða Atla að honum hafi verið sagt frá því að brotþoli hafi slegið meðákærða Aron inni í bifreiðinni. Eftir það hafi allir farið út úr bifreiðinni og þá hafi allt farið í eina kássu og allt gerst svo hratt. Ástæða þess að brotþoli sló meðákærða Aron hafi líklega verið sú að Aron kallaði eitthvað á eftir brotþola sem ákærði vissi ekki hvað var. Brotþoli hafi verið æstur og ætlað að slást við þá alla og hafi brotþoli meðal annars snúið sér að ákærða en ákærði kvaðst þá hafa hörfað. Þá hafi brotþoli einnig kýlt meðákærða X og hafi það verið talsvert högg. X hafi haldið fyrir andlitið og beygt sig niður en síðan hafi hann allt í einu verið horfinn.

Aðspurður hvort hann hafi séð brotþola verða fyrir einhverjum höggum og þá frá hverjum, sagðist ákærði Atli ekki muna vel eftir atvikum enda hafi hann verið mjög ölvaður. Ákærði lýsti því að meðákærði Aron hafi ekki gert mikið, hann, þ.e. meðákærði Aron, hafi verið hræddur eftir höggið frá brotþola.

Nánar aðspurður um þátt sinn í átökunum ítrekaði ákærði Atli að hann hafi komið meðákærða Guðmundi til hjálpar þegar brotþoli lá ofan á Guðmundi. Ákærði Atli kvaðst hafa togað í bol brotþola, sem við það hafi rifnað, en þar sem það hafi ekki dugað hafi ákærði þurft að grípa til annarra ráða og því sparkað tvisvar í þind brotþola hægra megin. Ákærði kvaðst hvorki hafa kýlt brotþola né komið nálægt höfði hans eða úlnið. Brotþoli hafi verið mun stærri en meðákærði Guðmundur og

hafi ákærði Atli ekki getað látið brotþola liggja ofan á Guðmundi. Um þátt meðákærða Guðmundar sagði ákærði Atli að Guðmundur hafi ef til vill slegið eitthvað pínulítið í öxl brotþola eða tekið einhvern veginn í hann til að reyna að ná brotþola af sér enda brotþoli mun stærri en Guðmundur. Ákærði Atli kvaðst ekki hafa séð meðákærða Guðmund slá brotþola hnefahöggi eða sparka í andlit, höfuð eða líkama brotþola enda hafi brotþoli legið ofan á Guðmundi.

Eftir að þessum átökum lauk kvaðst ákærði Atli hafa séð brotþola bakka í áttina frá bílnum og þá hafi brotþoli rekið hælinn í kantsteininn og fallið aftur fyrir sig en ákærði gat ekki greint nánar frá því hvernig brotþoli féll á malbikið hinumegin við kantsteininn. Aðspurður um ástæðu þess að brotþoli hafi bakkað sagði ákærði að eftir að brotþoli hafi kýlt meðákærða X hafi allir reynt að verja sig og sótt að brotþola. Þá hafi brotþoli áttað sig á því að hann gæti ekki lamið sjö til átta manns og því bakkað.

Ákærði, X, kvaðst hafa verið í bifreið á bifreiðastæði N1 umrædda nótt ásamt meðákærðu og fleira fólki og verið mjög ölvaður og vel geti verið að hann hafi drukkið einn lítra af vodka eins og hann greindi frá í yfirheyrslu hjá lögreglu. Ákærði lýsti því að brotþoli hafi komið að bifreiðinni alveg brjáláður og spurt þá hvort einhver hafi verið að kalla hann einhverju nafni sem ákærði vissi ekki hvað var. Ákærði kvaðst hafa setið aftast í bifreiðinni þegar brotþoli hafi opnað bifreiðina og slegið eða potað í meðákærða Aron. Við það hafi allt orðið vitlaust inni í bifreiðinni og allir hafi farið út. Ákærði X kvað það hafa tekið sig nokkurn tíma að komast út úr bílnum. Ákærði kvaðst hafa staðið fyrir framan brotþola og reynt að róa hann en það hafi ekki dugað. Þá hafi meðákærði Guðmundur komið að og ýtt við brotþola en þá hafi brotþoli kýlt ákærða X og kvaðst hann hafa fengið far eftir hring á höfuðið eftir höggið. Nánar aðspurður um þátt meðákærða Guðmundar sagði ákærði X að Guðmundur hafi slegið brotþola einu sinni, voðalega laust með lófanum og hafi höggið lent framan á brotþola. Þegar borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem hann lýsti því að meðákærði Guðmundur hafi komið á einhverju stökki og kýlt brotþola, kvaðst ákærði X muna atvik betur núna en þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu síðar um daginn enda hafi hann verið þunnur. Og ákærði ítrekaði að höggið frá meðákærða Guðmundi hafi lent í maga eða bringu brotþola og ekki verið mikið því brotþoli hafi strax á eftir slegið sig, þ.e. ákærða X, þungu höggi.

Þá lýsti ákærði X því að brotþoli hafi bakkað eða gengið til baka, líklega af því að ákærði hafi gengið að brotþola til að hefna fyrir höggið enda láti ákærði menn ekki kýla sig að óþörfu. Þá hafi brotþoli dottið um kant sem þarna var. Nánar lýsti ákærði því þannig að brotþoli hafi dottið og síðan staðið upp og en stuttu síðar hafi meðákærði Guðmundur snúið brotþola niður að því er ákærði X hafi síðar frétt. Síðar kom fram hjá ákærða að honum hafi verið sagt að meðákærði Guðmundur hafi komið og snúið brotþola niður eftir að hann féll um kantinn. Þá kvaðst ákærði X hafa sparkað einu sinni í brotþola neðarlega í síðuna enda reiður eftir höggið en gengið síðan í burtu og kastað upp. Þá hafi Bjarki vinur ákærða komið og dregið hann í burtu upp að bílasölunni og eftir það viti ákærði ekki hvað hafi gerst. Ákærði var ítrekað spurður um fall brotþola um kantinn og lýsti ákærði því að brotþoli hafi fallið kylliflatur aftur fyrir sig og lent beint á höfðinu og að brotþoli hafi ekki getað borið fyrir sig hendurnar. Ákærði gat hvorki sagt til um hlut meðákærðu Arons né Atla í átökunum.

Vitnið, *Kolfinna Guðlaugsdóttir*, barnsmóðir ákærða Arons, var í bifreiðinni á bifreiðastæði við N1 ásamt ákærðu umrædda nótt. Vitnið, sem var undir áhrifum áfengis, kvaðst muna eftir að hópur af fólki hafi verið fyrir utan bifreiðina en vitnið kvaðst ekki hafa farið út úr bifreiðinni og því ekkert séð. Vitnið mundi eftir að læti voru fyrir utan bifreiðina en gat ekki greint frá því sem þar gerðist eða hverjir hefðu þar átt hlut að máli og tók fram að myrkur hafi verið.

Vitnið, *Örvar Þór Arason*, brotápoli í máli þessu, kvaðst ekki muna vel eftir atvikum umrædda nótt enda langt um liðið. Aðspurður kvaðst brotápoli hafa verið undir áhrifum áfengis en þó ekki meira en svo en að hann hafi getað gengið að bifreið ákærðu á bifreiðastæðinu við N1 og rætt við þá sem þar voru. Brotápoli kvaðst hafa verið að koma af dansleik í Hvíta húsinu og verið á leið í bifreið sem lagt hafði verið í áðurnefndu bifreiðastæði ásamt vini sínum Jóhannesi Gunnari Guðmundssyni, systur sinni, Anítu Rós Aradóttur, og bílstjóranum Freydísi Þrastardóttur, vinkonu systur brotápola. Á bifreiðastæðinu hafi hann gefið sig á tal við stráka, sem brotápoli þekkti ekki og muni ekki hvernig litu út, og voru í bifreið á umræddu bifreiðastæði. Samræður þeirra hafi verið á góðum nótum og m.a. hafi hann spurt strákana hvort þeir vissu um party og kvaðst vitnið hafa staðið við bílhurðina þegar þetta átti sér stað. Þegar hann hafi verið á leiðinni frá bifreið strákanna hafi einhver þeirra kallað á eftir honum „hommi“ eða eitthvað viðlíka. Brotápoli kvaðst hafa snúið við og farið að bifreið strákanna og spurt hver hefði kallað hann þessu uppnefni en þeir hafi allir neitað. Brotápoli mundi ekki hvort einhver strákanna hafi verið fyrir utan bifreiðina og ekki heldur hvort hann hafi farið inn í bifreiðina á einhverjum tímamarki. Kvaðst brotápoli hafa hugsað að þetta skipti engu máli og ákveðið að fara heim. Þá hafi verið ráðist á hann án þess að hann gæti nokkuð gert og áður en hann vissi af hafi hann legið í götunni og spörk frá öllum dunið á honum. Sérstaklega aðspurður um tilefni þess að ráðist var á hann sagði brotápoli að það hefði þá ekki verið vegna annars en að hann kom pirraður, reiður og æstur að bifreiðinni og spurði hver hefði kallað á eftir honum. Brotápoli kvaðst hins vegar hafa upplifað árásina eins og þrumu úr heiðskíru lofti þó svo líklega hafi hann ekki gert rétt í því að öskra á fólkið. Brotápoli kvaðst hafa beðist vægðar aftur og aftur en strákarnir hafi hins vegar haldið áfram. Hann hafi reynt að verja andlitið með höndunum en strákarnir hafi haldið áfram að sparka í bak hans og um allan líkamann og taldi brotápoli að úlnliðurinn hafi brotnað undan höggum þegar hann lá á grúfu á götunni og hafi haldið höndunum fyrir andlitið til að verja það og kvaðst brotápoli hafa orðið var við sársauka í úlnliðnum þegar hann komst undan árásarmönnunum. Brotápoli upplýsti að hann væri 1,84 á hæð og um 100 kg að þyngd og líklega hafi hann verið svipaður að þyngd þegar umræddir atburðir áttu sér stað. Aðspurður um það sem haft er eftir honum í læknavottorði um að hann hafi verið sleginn með flöskum og grjóti sagðist brotápoli hafa verið nánast út úr heiminum eftir árásina og ruglaður. Þá kannaðist brotápoli ekki við það sem haft er eftir honum í frumskýrslu lögreglu þess efnis að hann hafi séð einhverja vera að berja lítinn strák. Sérstaklega aðspurður kvaðst brotápoli ekki geta tilgreint hvað hver og einn hinna ákærðu hefðu gert á hans hlut og ítrekaði að hann hafi engan þeirra þekkt.

Brotápoli kannaðist ekki við það sem fram kom í framburði ákærðu um að brotápoli hafi verið að angra þá. Þá kannaðist brotápoli hvorki við að hafa slegið ákærða Aron inni í bifreiðinni né að hafa slegið einhvern strákanna fyrir utan bifreiðina. Ítrekaði brotápoli að hann minntist þess ekki að hafa slegið nokkurn

mann í umrætt sinn. Árásin hafi verið mikið áfall fyrir hann og þrátt fyrir að atburðarásin sé í hálfgerðri móðu fyrir honum sé hann viss um að hann hafi engan slegið. Þegar brotþola var kynntur sá framburður ákærða Arons að hann hafi viðurkennt að hafa kallað brotþola homma og í framhaldi af því hafi brotþoli löðrungað ákærða Aron, tók brotþoli fram, að ef svo hefði verið myndi hann muna það í dag og tók brotþoli fram í þessu sambandi að enginn strákanna hafi viðurkennt að hafa kallað hann homma.

Brotþoli sagðist ekki geta tjáð sig um þann framburð ákærðu að hann, þ.e. brotþoli, hafi fallið um einhvern kant milli bifreiðastæða, eina sem hann hafi tekið eftir hafi verið endalaus högg frá strákunum sem hafi fylgt honum fast eftir. Nánar aðspurður kvaðst brotþoli ekki muna eftir að hafa dottið umrædda nótt nema í framangreindum átökum. Sérstaklega aðspurður um framburð ákærða Guðmundar þess efnis að ákærði hafi tekið brotþola niður eða slegið hann í öxlina, sagði brotþoli að atlagan gegn sér hafi byrjað sem stimpingar og brotþoli þá reynt að forða sér en strákarnir hafi allir fylgt honum eftir og hann fallið á götuna. Þó geti verið að hann hafi verið kýldur og staðið upp og síðan verið sleginn niður aftur síðar.

Brotþoli kvað árásinni ekki hafa linnt fyrr en eftir dágóða stund þegar einhver af strákunum hafi sagt „er ekki komið gott“. Þegar hann hafi staðið upp, að því er brotþola minnti með aðstoð frá einhverjum strákanna, hafi högginn byrjað aftur að dynja á honum en þá hafi hann tekið til fótanna og hlaupið við illan leik, kvalinn í hendi og andliti, inn á skemmtistaðinn Hvíta húsið, í rifnum gallabuxum og hengilrifnum bol. Í framhaldi af því hafi hann verið fluttur með sjúkrabifreið á sjúkrahúsið á Selfossi og síðan til Reykjavíkur. Fram kom hjá brotþola að þegar senda hafi átt hann af sjúkrahúsinu hafi liðið yfir hann og hann lent á salerninu. Aðspurður um líðan í dag kom fram hjá brotþola að hann sé enn stífur í úlnliðinum, hafi verki og áverkinn hái honum í tómsundum, þ.e. lyftingum og mótörhjólasporti. Þá upplifi hann óþægindi þegar einhver er fyrir aftan hann í verslun sem og ef hávaði sé úti á götu að næturlagi hrökkvi hann upp auk þess sem hann dreymi árásina oft.

Vitnið, *Bjarki Dagur Guðjónsson*, vinur ákærðu kvaðst umrædda nótt hafa verið undir áhrifum áfengis og setið í farþegasæti frammi í bifreiðinni sem hann og félagar hans voru í umrædda nótt. Þegar allir farþegar hafi verið komnir inn í bifreiðina hafi brotþoli komið að, opnað bílhurðina bílstjóramegin að aftan og kallað eitthvað. Vitnið kvaðst ekki hafa séð það sem gerðist inni í bílnum en þegar hann hafi verið kominn út úr bifreiðinni hafi hann séð brotþola kýla ákærða X í andlitið. Þá hafi allir nema Geir Aron, Svavar og Kolfinna farið út úr bílnum. Þegar vitnið kom út úr bifreiðinni hafi allir verið komnir aftur fyrir bifreiðina að kanti sem þar hafi verið. Vitnið tók fram að það hafi tekið hann nokkurn tíma að komast út úr bifreiðinni þar sem hurðarhúnninn hafi verið bilaður. Þegar út var komið kvaðst vitnið hafa séð brotþola detta niður kantinn og næst séð brotþola hlaupa í átt að Hvíta húsinu. Aðspurður kvaðst vitnið hafa verið staddur við bifreiðina þegar hann varð vitni að þessum atburðum, líklega 10 metra eða meira frá, en lýsing hafi verið við húsið. Nánar aðspurður kvaðst vitnið ekki vita hvernig brotþoli datt um áðurnefndan kant en fram kom hjá honum þegar hann var spurður hver ákærðu hafi verið nálægt brotþola að það hafi allir verið að öskra á alla. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvort einhver hafi ýtt brotþola, en ítrekaði að allir hafi verið þarna í kring. Síðar kom fram hjá vitninu að tildrög falls brotþola um kantinn hafi verið þau að

ákærðu hafi gengið í átt að brotaþola og brotaþoli bakkað en síðan snúið sér við rétt hjá kantinum og við það fallið aftur á bak eða á hliðina niður af kantinum. Aðspurður hvort brotaþoli hafi borið fyrir sig hendurnar í fallinu sagði vitnið að svo hafi verið. Um ástæðu þess að brotaþoli hafi verið að bakka sagði vitnið að allir hafi verið í hrúgu á bak við bílinn og rifist. Sama hafi verið upp á teningnum við áðurnefndan kant en vitnið tók þó fram að hann hafi ekki verið að fylgjast svo mikið með. Aðspurður hvort þeir sem fóru út úr bifreiðinni á undan vitninu hefðu elt brotaþola uppi sagði vitnið að svo hafi ekki verið. Vitnið kannaðist við að hafa dregið ákærða X í burtu ásamt Geir Aron. Síðar í skýrslutökunni sagðist vitnið hafa verið inni í bifreiðinni þegar hann sá brotaþola kýla ákærða X en aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa séð brotaþola slá ákærða Aron. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða Guðmund slá eða sparka í brotaþola og ítrekaði vitnið að hann hafi hvorki séð slagsmál eða átök milli manna, aðeins séð þetta fyrsta högg sem brotaþoli veitti ákærða X.

Vitnið *Geir Aron Geirsson*, bróðir ákærða X kvaðst umrædda nótt hafa verið ölvæður og setið inni í bifreiðinni þegar einhver hafi kallað á eftir brotaþola, hommi eða eitthvað slíkt. Þá hafi brotaþoli komið að bifreiðinni og rifið upp hurðina og slegið ákærða Aron og í framhaldi af því hafi allir rokið út úr bifreiðinni. Þegar ákærði X hafi staðið fyrir framan brotaþola hafi brotaþoli kýlt X en um annað kvaðst vitnið ekki geta tjáð sig frekar enda hafi hann ekki farið út úr bifreiðinni fyrr en lögreglan kom á staðinn. Þar sem svört filma hafi verið í gluggum bifreiðarinnar hafi hann ekkert séð. Vitnið tók þó fram að hann hafi séð brotaþola hlaupa í burtu í átt að Hvíta húsinu og þá hafi bolur hans verið rifinn.

Vitnið *Freydís Þrastardóttir*, vinkona brotaþola, kvaðst umrædda nótt hafa verið bílstjóri og ekki undir áhrifum áfengis og verið á bifreiðastæðinu ásamt brotaþola, Jóhannesi Gunnari Guðmundssyni og Anítu Rós Aradóttur. Vitnið kvað brotaþola hafa stoppað við stóra bifreið og rætt við fólk í bifreiðinni og þegar vitnið sá til hafi brotaþoli staðið fyrir utan bifreiðina. Vitnið kvaðst ekkert hafa fylgst með brotaþola nánar heldur farið inn í sína bifreið og ekið að stóru bifreiðinni til að fá féлага sína til að koma inn í bifreiðina. Vitnið kvaðst ekki hafa séð upphaf slagsmálanna en hafa heyrt orðaskipti og síðan séð þegar ráðist hafi verið bæði á Jóhannes og brotaþola. Sér hafi virst Jóhannes fá eitt högg, sem hafi fellt hann, en Jóhannes síðan farið frá eða sloppið og sagði vitnið að sér hafi virst sem athygli strákanna í stóru bifreiðinni hafi fyrst og fremst snúið að brotaþola. Vitnið lýsti atburðum þannig að hún hafi séð hóp af strákum, sem vitnið þekkti ekki, elta brotaþola eftir að honum hafi tekist að sleppa frá þeim. Strákarnir hafi fylgt brotaþola eftir en vitnið kvaðst hafa fært bifreiðina til að verða ekki fyrir átökunum. Vitnið kvaðst síðan hafa farið út úr bifreiðinni og beðið strákana um að hætta og það hafi Aníta vinkona hennar einnig gert. Hún sagðist muna best eftir því þegar hún sá brotaþola liggja í fósturstellingu á götunni haldandi um höfuðið til að reyna að verja sig en þeir sem þarna voru að verki hafi tekið tilhlaup til að sparka í brotaþola og hafi spörkin lent í baki brotaþola og reyndar allsstaðar á honum auk þess sem brotaþoli hafi einnig verið kýldur. Hún hafi heyrt brotaþola hrópa „ég gefst upp, ég gefst upp“ en ekkert hafi verið hlustað á hann og höggin dunið allsstaðar á honum. Vitnið kvaðst hafa kallað og beðið strákana um að hætta en þá hafi einn þeirra komið að sér, að því er vitninu fannst ögrandi, og því kvaðst vitnið hafa haldið sér í svolítilli fjarlægð. Þegar hér hafi verið komið sögu hafi átökin borist svolítið langt frá N1 húsinu þar sem þau hófust, þ.e. í átt að bílasölunni. Nánar aðspurð um upphaf átakanna kvaðst vitnið hafa séð högg lenda á brotaþola í byrjun eftir að strákarnir

voru komnir út úr bifreiðinni en síðan hafi hún misst úr atburðarrásinni þegar hún færði bifreiðina og hringdi á lögreglu. Aðspurð hvort hún hafi séð brotþola falla yfir kant kvaðst vitnið ekki geta tjáð sig um það og þá gat vitnið ekki sagt til um hversu margir strákar hafi verið þarna að verki en hún hafi munað það þegar skýrsla var tekin hjá lögreglu. Lok árársarinnar hafi verið þau að einhver strákanna hafi dregið úr atlögunni, e.t.v. hafi hróp hennar borið árangur, og þá hafi brotþoli komist undan. Vitnið gat ekki sagt nánar hvert brotþoli fór en stuttu síðar hafi hún fundið hann í Hvíta húsinu. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hún hafi séð brotþola slá einhvern en tók fram að hún hafi ekki séð alla atburðarásina þar sem hún hafi ekið bifreiðinni í burtu til að forðast átökin. Það sem hún muni skýrast sé þegar brotþoli var að reyna að verja sig. Vitnið minnti að átökunum hafi lokið á N1 bifreiðastæðinu en kvaðst þó ekki hafa verið mikið að velta fyrir sér staðsetningum. Hún kvaðst þó muna eftir að Aníta hafi í lokin verið á hinu bifreiðastæðinu en einhver hafi ýtt við henni.

Vitnið *Jóhannes Gunnar Guðmundsson*, vinur brotþola og vinnufélagi, kvaðst hafa verið á umræddu bifreiðastæði ásamt brotþola, Anítu systur brotþola og Freydísi Þrastardóttur. Vitnið kvaðst hafa neytt áfengis á ballinu en hætt snemma að drekka. Hann hafi ekki verið allsgáður en ekki undir miklum áhrifum áfengis þegar umræddir atburðir áttu sér stað. Vitnið greindi frá því að þegar þau voru á leið í bifreið sína hafi brotþoli gefið sig á tal við stráka í stórri bifreið sem þar hafði verið lagt og hafi þær samræður verið vingjarnlegar. Þegar þau hafi verið á leið frá umræddri bifreið hafi einhver í bifreiðinni kallað, að því er vitnið minnti, „hommi“ á eftir brotþola. Við það hafi brotþoli, sem ekki hafi verið ánægður með þetta, snúið við og gengið hratt aftur að bifreið strákanna og spurt, að því er vitnið minnti, inn um opinn glugga bifreiðarinnar „hver sagði þetta, hver sagði þetta“. Þungt hafi verið í brotþola en hann þó ekki trylltur. Eftir að hafa kallast á hafi flestir, fyrir utan bílstjóran, verið komnir út úr stóru bifreiðinni og veist að brotþola. Nánar aðspurður minnti vitnið að fimm til sex strákar hafi komið út úr bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa reynt að stilla til friðar og hafi hann og einn strákur úr hópnum farið aðeins frá bifreiðinni. Þegar vitnið hafi verið að reyna að róa strákinn hafi hann ýtt við vitninu og hafi þessu lokið með því að strákurinn hafi slegið vitnið niður. Fram kom að höggið hafi ekki haft neinar afleiðingar fyrir vitnið og hann ekki kært geranda. Þegar vitnið leit upp kvaðst hann hafa séð að áflogin hafi verið komin frá bifreiðinni, eiginlega út á annað bifreiðastæði, og þar kvaðst vitnið hafa séð brotþola liggjandi á götunni og að strákarnir úr bifreiðinni hafi staðið yfir brotþola og látið spörk dynja á brotþola. Lýsti vitnið því að hafa séð einn strákinn taka tilhlaup áður en hann sparkaði í bak brotþola. Brotþoli hafi kallað hátt og endurtekið „ég gefst upp, ég gefst upp“. Í því að vitnið kom að, hafi strákur, líklega sá sem sló vitnið, verið að biðja strákana um að hætta og hafi þessi strákur hjálpað brotþola á fætur sem hafi við það forðað sér inn í Hvíta húsið, en í því hafi lögregla komið á staðinn. Vitnið kvað árársina á brotþola hafa verið fólkskulega en brotþoli, sem hafi verið liggjandi á götunni og átt í höggi við fjóra til fimm stráka, ítrekað beðist vægðar. Aðspurður hvort brotþoli hafi fallið um kant sagðist vitnið ekki geta sagt til um það en þegar vitnið kom að, hafi brotþoli verið hinum megin við kantinn, þ.e. brotþoli hafi legið á bifreiðastæði við hliðina á bifreiðastæði við N1 og þar kvaðst vitnið hafa séð þegar strákarnir spörkuðu í brotþola sem legið hafi á götunni og haldið höndunum fyrir höfuð sitt til að reyna að verja sig. Vitnið kvaðst ekki hafa séð brotþola slá eða kýla einhvern af strákunum í stóru bifreiðinni en tók fram að hann hafi ekki fylgst með atburðarrásinni meðan hann átti sjálfur í höggi við einn af strákunum.

Vitnið *Aníta Rós Aradóttir*, systir brotaþola kvaðst hafa verið ásamt brotaþola, Jóhannesi og Freydísi á umræddu bifreiðastæði og verið undir nokkuð miklum áhrifum áfengis. Vitnið kvað minni sitt vera nokkuð brotakennt en lýsti atvikum þannig að hún og brotaþoli hafi rætt í vinsemd við stráka sem voru í bifreið á bifreiðastæðinu. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hún hafi sest inn í bifreiðina. Síðan hafi átök byrjað og nokkrir strákar hafi ráðist að brotaþola og síðan kvaðst vitnið muna eftir að nokkrir strákar hafi sparkað og kýlt í brotaþola þegar brotaþoli lá í fósturstellingu á götunni, haldandi höndum fyrir höfði sér til að hlífa andlitinu og ítrekað kalla „ég gefst upp, ég gefst upp“ en strákarnir hafi þó haldið áfram. Vitnið minnti að þarna hafi verið þrjár til fjórir strákar að verki. Vitnið tók fram að strákarnir hafi verið mjög reiðir. Vitnið kvaðst hafa reynt að stöðvað árásina en þá hafi hún verið slegin í burtu. Síðan kvaðst vitnið hafa séð brotaþola hlaupa í burtu og síðan séð hann inni á skemmtistaðnum Hvíta húsinu kvalinn í hendi og blóðugan í andliti. Vitnið kvaðst ekki hafa séð brotaþola slá eða kýla neinn af umræddum strákum.

Vitnið *Kristinn Örn Arnarson*, vinur ákærðu kvaðst hafa verið í bifreið með ákærðu og fleira fólki umrætt sinn og mjög ölvaður. Hann greindi frá því að brotaþoli hafi rætt um að bjóða þeim í party. Þegar brotaþoli fór frá bifreiðinni hafi einhver í bifreiðinni kallað á eftir brotaþola „hommi“ eða „hommatittur“. Við það hafi brotaþoli snúið við og komið inn í bifreiðina eða að glugga eða hurð bifreiðarinnar sem hafi verið opin. Einhver ágreiningur hafi þá komið upp og allt orðið vitlaust eins og vitnið orðaði það. Þá hafi líklega allir hlaupið út úr bifreiðinni og hafi verið mikil æsingur í mönnum fyrir utan bifreiðina. Líklega hafi brotaþoli og ákærði X verið kýldir. Vitnið kvaðst hafa verið alveg brjáláður og ráðist í vitleysisgangi að vini brotaþola. Þegar hann hafi litið við hafi hinir strákarnir verið komnir yfir klöpp eða kant sem þarna hafi verið á bifreiðastæðinu. Vitnið kvaðst hafa hlaupið að og þá hafi hann heyrt brotaþola öskra „ég gefst upp, ég gefst upp“ og rífið brotaþola upp. Það hafi tekið á og líklega hafi einhver legið undir brotaþola og haldið honum. Meðan á þessu stóð hafi einhverjir enn verið að sparka í brotaþola og síðan hafi brotaþoli verið kýldur þegar hann var risinn upp og einnig kvaðst vitnið hafa fengið högg í höfuðið enda þeir sem í kringum þá voru verið mjög æstir. Aðspurður sagðist vitnið ekki geta sagt til um það hverjir hafi þarna verið að verki, hann hafi ekki veitt því athygli en brotaþoli, sem hafi legið á hliðinni og varið höfuð sitt með því að halda höndunum um höfuð sér, hafi verið umkringdur og spörkin lent um allt á líkama brotaþola. Þó kom fram hjá vitninu að ákærði X hafi ekki verið þarna, líklega hafi hann verið einhvers staðar annarsstaðar að kasta upp, en vitnið minnti að hann hafi hrint ákærða Aroni þegar hann kom brotaþola til hjálpar. Fram kom hjá vitninu að hann hafi séð áverka á höfði ákærða X eftir að allt var afstaðið. Vitnið kvaðst hafa farið með brotaþola, sem hafi verið í tættum bol, yfir kantinn en vitnið mundi ekki hvort það var lögregla eða vinir brotaþola sem hafi tekið við honum. Vitnið kvað enga aðra en þá sem voru í bifreiðinni með þeim félögum hafa verið þarna að verki. Sérstaklega aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa séð brotaþola kýla eða sparka í aðra menn. Í upphafi átakanna hafi hann sjálfur ráðist að vini brotaþola og þá ekki séð hvað um var að vera en þegar þeirri viðureign lauk hafi hann séð brotaþola þar sem hann lá á götunni talsvert frá þeim stað sem átökin hófust eins og rakið hefur verið hér að framan.

Vitnið *Svavar Máni Hannesson*, vinur og kunningi ákærðu, lýsti atvikum þannig að einhver sem í bílnum var hafi kallað „hommi“ eftir brotaþola sem hafi við það

orðið pirraður, komið að bifreiðinni og í framhaldi af því hafi strákarnir hlaupið út úr bifreiðinni og rifrildi og ýtingar hafist en síðan hafi hópurn allur hlaupið af stað en vitnið, Kolfinna, Geir Aron og Bjarki hafi setið eftir í bifreiðinni. Vitnið, sem kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis enda bílstjóri, kvaðst engin átök hafa séð.

Vitnið *Már Kristjánsson*, læknir, staðfesti framlagt læknisvottorð dagsett 1. júlí 2011. Vitnið, sem skoðaði brotaþola og skráði niður lýsingu hans á árásinni, sagði að brot á framhandlegg gæti bent til þess að brotaþoli hafi fallið og borið fyrir sig hendina. Að öðru leyti hafi hann verið með svokallaða yfirborðsáverka á höfði og bol sem gætu hafa komið með ýmsum hætti m.a. við fall. Áverkarnir hafi borið með sér að brotaþoli hafi fengið högg á andlit og slíkir áverkar geti komið vegna áhalds, falls á jörðu eða vegg sem og að sparkað hafi verið í brotaþola. Einnig kom fram hjá vitninu að þar sem nokkurn fjölda áverka brotaþola hafi verið um að ræða sé ólíklegt að þeir hafi komið við venjulegt fall á jafnsléttu. Aðspurður hvort brotaþoli muni ná sér að fullu vegna únlíðsbrotsins kvað vitnið að svo muni vera en þó kunni að koma síðkomnar breytingar í únlíð eftir brot sem þetta ef brotalega sé ekki fullkomin og um sé að ræða erfiðisvinnumenn eða menn sem stunda lyftingar eins og í tilviki brotaþola. Sérstaklega aðspurður sagði vitnið að hægt sé að sparka í höfuð manns án þess að það leiði til brots eða áverka á heila. Í þessu máli hafi verið tekin mynd af heila og engin ummerki hafi verið um heilahristing eða blæðingar og þar sem svo hafi ekki verið bendi áverkar á höfði til þess að spörk hafi verið minni en brotaþoli hafi sjálfur upplifað. Aðspurður um það hvort únlíðsbrot á brotaþola hafi getað komið við það að hann hafi borið hendi fyrir sig í falli af kanti sagði vitnið að brotið hafi verið dæmigert brot eftir fall á útrétta hendi eins og algengt sé í hálkuslysum.

Vitnið *Ómar Ragnarsson*, læknir, staðfesti framlagt læknisvottorð dagsett 19. maí 2011. Fram kom hjá vitninu að Guðmundur Benediktsson, vakthafandi læknir, hafi tekið á móti brotaþola umrædda nótt. Hins vegar kvaðst vitnið hafa tekið á móti brotaþola þegar hann kom á vaktina daginn eftir. Vitnið kvað áverka eins og brotaþoli fékk á framhandlegg geta komið við fleira en fall á hendi líkt og algengt sé í hálkuslysum, t.d. við högg eða spörk á hendi eða ef þungur hlutur fellur á hendi. Fram kom að við skoðun um nóttina hafi þótt ólíklegt að brotaþoli væri handleggsbrotinn en þar sem erfitt sé, ef ekki ómögulegt, að greina slíkt nema með myndatöku hafi verið ákveðið að senda hann suður í myndatöku á hendi og höfði.

Vitnið *Heiðar Bragi Hannesson*, lögreglumaður, kvaðst hafa sinnt útkalli rétt eftir lokun skemmtistaðarins Hvíta hússins ásamt Elínu Jóhannsdóttur. Komið hafi í ljós að vettvangur var á N1 bifreiðastæðinu við Hrísmýri þar sem tveimur bifreiðum hafi verið lagt. Þar hafi verið fjöldi fólks og mikil ringulreið, læti og ölvun. Tekið hafi smá stund að stífa fólki í sundur og greina hvað gerst hafi en komið hafi í ljós að maður hafði verið laminn. Vitnið minnti að tildrögin hafi verið þau að einhver hafi sagt eitthvað sem öðrum hafi mislíkað og í framhaldinu af því hafi komið til átaka. Vitnið kvaðst hafa hitt brotaþola í Hvíta húsinu og hafi hann verið það illa leikinn að vitnið hringdi á sjúkrahúsi. Fram kom hjá vitninu að allir sem þarna voru hafi verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið *Elín Jóhannsdóttir*, lögreglumaður, lýsti aðkomu á vettvang með svipuðum hætti og vitnið Heiðar Bragi. Fram kom að um hafi verið að ræða tvo hópa í tveimur bifreiðum. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við brotaþola og gat ekki lýst

ástandi hans.

### *Niðurstaða.*

Hér að framan hefur ítarlega verið rakinn framburður ákærðu og átta vitna sem voru á bifreiðastæði við verslun N1 við Hrísmýri eftir að dansleik lauk á skemmtistaðnum Hvíta húsinu aðfaranótt 10. apríl 2011. Fyrir liggur að fólkið var allt undir áhrifum áfengis að undanskildum bílstjóra Chevrolet-bifreiðar, sem ákærðu og vinir hans voru í, og bílstjóra Subaru-bifreiðar sem brotaþoli, vinur hans og systir brotaþola voru í. Einnig liggur fyrir að framangreindir vinahópar þekktust ekki.

Af framburði ákærðu og vitna fyrir dómi þykir ekki óvarlegt að leggja til grundvallar að um hafi verið að ræða tvískipta atburðarás. Fyrst atvik við eða aftan við Chevrolet -bifreiðina og í beinu framhaldi af því atvik undir lok atburðarásarinnar við eða nálægt steinsteyptum kanti sem skilur á milli bifreiðastæðis við verslun N1 og bifreiðastæðis bílaverkstæðis sem stendur sunnan við áðurgreinda verslun. Nánar tiltekið er framangreindur kantur u.þ.b. 56 cm hár þeim megin sem snýr að bílaverkstæðinu en kanturinn er hins vegar mun lægri þeim megin sem snýr að bifreiðastæðinu við verslun N1. Kant þennan má sjá á framlögðum myndum í málinu og er hann þar sagður vera u.þ.b. 25 metrum sunnan við N1 verslunina. Í munnlegum málflutningi við aðalmeðferð málsins kom fram hjá sækjanda málsins að atvikalýsing í ákæru tæki til síðari hluta atburðarásarinnar.

Ákærðu ber öllum saman um að upphaf þessa máls megi rekja til átaka milli vinahópsins í Chevrolet-bifreiðinni, sem ákærðu tilheyrðu, og hóps sem brotaþoli tilheyrði. Ákærði Aron greindi frá því fyrir dómi að kallað hafi verið á eftir brotaþola „hommi“ eða eitthvað í þá veru og ákærði Guðmundur greindi frá því að brotaþoli hafi gargað hver hafi kallað sig „homma“. Framangreinda frásögn staðfestu vitni úr vinahópi ákærðu þeir Svavar Máni Hannesson, Kristinn Örn Arnarson og Geir Aron Geirsson, sem og vinur brotaþola, Jóhannes Geir Guðmundsson, og brotaþoli sjálfur, Örvar Þór Arason. Þá liggur fyrir í málinu að brotaþoli hafi komið að Chevrolet-bifreiðinni í tilefni þessa og báru ákærðu Aron og X fyrir dómi að brotaþoli hafi átt upphaf að átökunum með því að slá eða pota í ákærða Aron inni í bifreiðinni, en ákærði Guðmundur sagði að líklega hafi brotaþoli slegið til ákærða Arons. Ákærði Atli greindi hins vegar frá því að honum hafi verið sagt að brotaþoli hafi slegið ákærða Aron. Í framhaldinu hafi allir farið út úr Chevrolet-bifreiðinni og báru ákærðu X, Aron og Atli að brotaþoli hafi slegið eða kýlt ákærða X við Chevrolet-bifreiðina, en ákærði Guðmundur sagði að líklega hafi brotaþoli slegið ákærða X. Vitnið Bjarki, vinur ákærðu, bar fyrir dómi að brotaþoli hafi kýlt ákærða X í andlitið og vitnið Geir, bróðir ákærða X, að brotaþoli hafi slegið ákærða Aron og síðan kýlt ákærða X við bifreiðina.

Framburður brotaþola er á annan veg. Hann viðurkenndi að hafa verið pirraður, reiður og æstur í kjölfar þess að kallað hafði verið á eftir honum. Hann hafi gengið að bifreiðinni og spurt hver hafi verið þar að verki en þá hafi verið ráðist að honum og hafi hann upplifað árásina eins og þrumu úr heiðskíru lofti þó svo líklega hafi hann ekki gert rétt í því að öskra á fólkið í bifreiðinni. Brotaþoli kannaðist ekki við að hafa angrað ákærðu og hafnaði því að hafa slegið ákærðu Aron og X.

Vitnið Jóhannes Gunnar Guðmundsson, vinur ákærða, kvað þungt hafi verið í brotaþola þegar hann hafi gengið hratt að Chevrolet-bifreiðinni. Eftir hróp og köll hafi flestir sem voru í Chevrolet-bifreiðinni farið út úr bifreiðinni og veist að brotaþola. Nánar gat vitnið ekki greint frá atvikum við bifreiðina og liggur fyrir í málinu að vitnin Jóhannes, vinur brotaþola, og vitnið Kristinn, vinur ákærðu, tókust á eftir að farþegar Chevrolet-bifreiðinnar voru komnir út og gátu þeir því ekki borið um atvik við Chevrolet-bifreiðina. Þá gátu vitnin Svavar, bílstjóri Chevrolet-bifreiðarinnar og vinur ákærðu, Kolfinna Guðlaugsdóttir, barnsmóðir ákærða Arons, Aníta Rós Aradóttir, systir brotaþola og Freydís Þrastardóttir, vinkona brotaþola, hvorki borið um upphaf átakanna né hvort brotaþoli hafi veist að ákærðu Aroni og X.

Ákærðu lýstu upphafi atburðarásarinnar með nokkuð nákvæmum hætti, þ.e. höggum sem brotaþoli á að hafa veitt annars vegar ákærða Aroni meðan ákærði var enn inni í Chevrolet-bifreiðinni, og hins vegar ákærða X fyrir utan bifreiðina. Af framburði ákærðu verður ekki annað ráðið en að þeir hafi reiðst brotaþola fyrir að hafa slegið ákærða Aron og stuttu síðar ákærða X og að vakað hafi fyrir þeim að hefna sín á brotaþola. Til marks um það bar ákærði Guðmundur fyrir dómi að hann hafi ekki ætlað að láta brotaþola vaða yfir sig, „við svörum fyrir okkur, við látum ekki berja okkur“, sagði ákærði orðrétt fyrir dómi. Ákærði X lýsti því að hafa gengið á eftir brotaþola til að hefna sín, enda láti ákærði menn ekki kýla sig að óþörfu, eins og ákærði X sagði orðrétt fyrir dómi. Ákærði Atli kvaðst hafa sparkað í brotaþola til að koma meðákærða Guðmundi til hjálpar og ákærði Aron kvaðst hafa verið reiður brotaþola eftir höggið sem brotaþoli veitti honum inni í bifreiðinni.

Um atvik sunnar á bifreiðastæðinu greinir ákærðu og vin þeirra, vitnið Bjarka, annars vegar og brotaþola og vitni úr vínahópi hans hins vegar, talsvert á um atburðarásina. Hins vegar kváðust vitnin Kolfinna, Svavar og Geir, öll úr vínahóp ákærðu, hafa setið inni í Chevrolet -bifreiðinni og því ekki séð atburðarásina eftir að hún færðist frá bifreiðinni suður eftir bifreiðastæðinu.

Almennt má segja um framburð ákærðu fyrir dómi að hann sé nokkuð á annan veg en við yfirheyrslu hjá lögreglu síðdegis þann 10. apríl 2011, að því leyti að ákærðu gerðu fyrir dómi hver og einn sem minnst úr þætti sínum í máli þessu. Þá báru ákærðu því við að muna atvik betur en við yfirheyrslur hjá lögreglu. Þá tjáðu ákærðu sig ekki um þátt meðákærðu utan þess að ákærðu Aron, Atli og X lýstu tiltekinni háttsemi meðákærða Guðmundar gegn brotaþola, sem þeir tóku þó allir fram að hafi verið smávægileg. Nokkuð ber á milli í framburði ákærðu um atvik við áðurnefndan kant milli bifreiðastæðanna en þó þykir ekki óvarlegt að leggja til grundvallar, með vísan til framburðar ákærðu og vitna, að atburðarásinni hafi lokið í nágrenni kantsins.

Ákærðu lýsa allir tvískiptri atburðarás, annars vegar við Chevrolet-bifreiðina og hins vegar í nágrenni eða við kantinn milli bifreiðastæðanna. Það var hins vegar eingöngu ákærði Aron sem viðurkenndi fyrir dómi að hafa tekið þátt í ætlaðri atlögu gegn brotaþola undir lokin með því að hafa sparkað tvisvar í brotaþola liggjandi og taldi ákærði nokkuð víst að spörkin hafi lent í maga eða síðu brotaþola en ekki hafi verið um að ræða föst spörk. Ákærði Guðmundur viðurkenndi að hafa snúið brotaþola niður við Chevrolet-bifreiðina í upphafi atburðarásarinnar en kvaðst hafa verið í fimm metra fjarlægð frá brotaþola eftir að brotaþoli hafi gengið

aftur á bak, líklega undan strákunum, og af þeim sökum fallið um kantinn milli bílastæðanna. Ákærði Atli lýsti atburðarásinni nokkuð á sama veg og ákærði Guðmundur. Að til átaka hafi komið milli meðákærða Guðmundar og brotþola við Chevrolet-bifreiðina og viðurkenndi ákærði Atli að hafa komið meðákærða Guðmundi til hjálpar með því að toga í bol brotþola, sem við það hafi rifnað. Þar sem það hafi ekki dugað meðákærða Guðmundi til hjálpar hafi ákærði Atli þurft að grípa til annarra ráða og því sparkað tvisvar í þind brotþola hægra megin. Eftir að þessum átökum lauk kvaðst ákærði Atli hafa séð brotþola ganga aftur á bak í áttina frá bílnum og þá hafi brotþoli rekið hælinn í kantsteininn og fallið aftur fyrir sig. Ákærði X lýsti því hins vegar að sér hafi verið sagt að meðákærði Guðmundur hafi, eftir að brotþoli hafi dottið um kantinn, snúið brotþola niður en óljóst var af framburði ákærða X hvort hann hafi sparkað einu sinni í brotþola neðarlega í síðuna undir lok atburðarásarinnar eða fyrr í atburðarásinni. Ákærði X kvaðst hafa verið reiður eftir högg frá brotþola, sparkað í brotþola en síðan gengið í burtu og kastað upp. Hvað varðar framburð ákærðu Arons, Atla og X um spörk þau sem þeir viðurkenna að hafa veitt brotþola er til þess að líta að í ákæru eru engir áverkar tilgreindir á maga brotþola eða síðu, þó svo að áverkar á síðu séu tilgreindir í læknisvottorði Ómars Ragnarssonar læknis.

Af framburði vitnanna Kristins, vinar ákærðu, og vina brotþola, þeirra Jóhannesar og Freydísar, og framburðar brotþola, svo langt sem hann nær, og ítarlega er rakinn hér að framan, þykir hafið yfir allan vafa að undir lok atburðarásarinnar hafi brotþoli orðið fyrir spörkum og höggum nokkurra manna þar sem hann lá á jörðinni og hélt höndum um höfuð sitt sér til varnar og það sér vægðar. Vitnið Kristinn var hins vegar eina vitnið sem þekkti ákærðu og bar vitnið fyrir dómi að þeir sem þarna hafi verið að verki hafi allir verið úr Chevrolet-bifreiðinni. Hins vegar gat vitnið ekki greint frá því hverjir hafi þar átt hlut að máli að því undanskildu að ákærði X hafi ekki verið þeirra á meðal. Þá þykir ekki óvarlegt að byggja á því að undir lok atburðarásarinnar hafi vitnin Kolfinna, Svavar og Geir öll verið inni í bifreiðinni en að vitnið Bjarki hafi auk ákærðu og vitnisins Kristins farið út úr Chevrolet-bifreiðinni. Vitnin Jóhannes, Freydís og brotþoli sjálfur þekktu hins vegar ekki ökumann eða farþega í Chevrolet-bifreiðinni og gátu því ekki borið um hverjir voru umhverfis brotþola þegar hann lá á jörðinni eins og áður er lýst. Að mati dómsins var framburður vitnisins Bjarka fyrir dómi ruglingslegur og með ólíkindum að vitnið hafi getað séð greinilega hvað um var um vera við margnefndan kant þegar haft er í huga að atvik áttu sér stað um miðja nótt í byrjun apríl, vitnið kvaðst hafa staðið í nokkurri fjarlægð frá umræddum kanti auk þess sem vitnið greindi frá því að hópur manna hafi verið þar í kring.

Ákæra í máli þessu byggir á því að ákærðu hafi sameiginlega veist að brotþola þannig að hann hafi fallið í götuna þar sem ákærðu gengu í skrokk á brotþola eins og það er orðað í ákæru. Þá lýsti sækjandi málsins því yfir við aðalmeðferð málsins að atvikalýsing í ákæru tæki til síðari hluta atburðarásarinnar eins og áður er rakið. Framburður ákærðu er ruglingslegur og um margt ótrúverðugur og einkennist eins og áður greinir af því að ákærðu gerðu hver og einn sem minnst úr sínum þætti málsins auk þess sem þeir upplýstu ekki um hlut meðákærðu. Fyrir liggur þó að ákærðu töldu sig eiga harma að hefna gagnvart brotþola og að þeir hafi farið út úr bifreiðinni í þeim tilgangi og fylgt brotþola eftir. Hins vegar er ágætt samræmi um atvik undir lok atburðarásarinnar í framburði vitnanna Kristins, Jóhannesar og Freydísar bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Í framburði vitnisins Kristins kom fram að ákærði X hafi ekki verið meðal þeirra sem tók þátt í atlögu gegn brotþola undir

lokin og fær sá framburður vitnisins stoð í framburði ákærða Atla um að meðákærði X hafi yfirgefið vettvang snemma sem og því sem fram kemur hjá vitninu Bjarka, um að vitnið hafi dregið ákærða X í burtu. Samkvæmt 108. gr. og 1.mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik er telja megi honum í óhag. Þá er gerð sú krafa að fram sé komin í máli nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, um hvert það atriði sem varðar sekt sakbornings. Samkvæmt öllu framansögðu er því að mati dómsins óhjákvæmilegt að sýkna ákærða X af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Að mati dómsins lýsa vitnin Kristinn, Jóhannes og Freydís atlögu að brotþola, sem legið hafi í götunni, sem fólkskulegri og fær sá framburður stoð í framburði Kristins og lögreglumannsins Heiðars Braga Hannessonar um ástand brotþola og aðstæður á vettvangi sem og í lýsingu í framlögðum læknisvottorðum. Með vísan til þess sem að framan er rakið, framburðar vitnanna Kristins, Jóhannesar og Freydísar og játningar ákærðu Arons og Atla fyrir dómi, þykir fram komin lögfull sönnun þess að ákærðu Aron og Atli hafi hvor um sig sparkað tvívegis í líkama brotþola þar sem hann lá á jörðinni undir lok atburðarásarinnar. Hins vegar þykir ekki, eins og mál þetta er vaxið og gegn eindreginni neitun ákærðu, fram komin lögfull sönnun þess að umrædd spörk hafi lent í andliti brotþola, hrygg eða vinstri framhandlegg og þannig valdið þeim áverkum sem í ákæru greinir. Þó fram hafi komið í málinu að ákærðu hafi fylgt ákærða eftir frá Chevrolet-bifreiðinni að umræddum kanti á lóðamörkum bifreiðastæðanna er í því sambandi til þess að líta að brotþoli sjálfur hefur lýst því fyrir dómi að framhandleggur hans hafi brotnað þegar hann hélt höndum um höfuð sitt til að verja höfuðið spörkum. Þykir því ekki fram komin lögfull sönnun þess að sú háttsemi sem ákærðu Aron og Atli eru sakfelldir fyrir hafi verið þess valdandi að brotþoli brotnaði á vinstri framhandlegg. Með háttsemi sinni hafa ákærðu Aron og Atli hins vegar gerst sekir um líkamsárás, slíka sem í 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, greinir.

Kemur þá til skoðunar hlutdeild ákærða Guðmundar í atlögunni að brotþola. Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa snúið brotþola niður en heldur því fram að það hafi átt sér stað við Chevrolet-bifreiðina í upphafi atburðarásarinnar. Þá lagði ákærði áherslu á það í framburði sínum fyrir dómi að brotþoli hafi handleggsbrotnað við fall um kantinn milli bifreiðastæðanna. Vitnið Kristinn lýsti fyrir dómi að erfitt hefði verið að ná brotþola upp af götunni þegar vitnið kom brotþola til hjálpar og líklega hafi einhver legið undir brotþola og haldið honum. Ákærði Atli bar fyrir dómi að ástæða þess að hann sparkaði í brotþola hafi verið sú að brotþoli hafi legið ofan á meðákærða Guðmundi. Til að koma meðákærða Guðmundi til hjálpar kvaðst ákærði Atli hafa sparkað í brotþola. Ákærði Aron bar fyrir dómi að hafa sparkað á fullu en að spörkin hafi lent á röngum manni, þ.e. meðákærða Guðmundi, og því kvaðst ákærði Aron ekki hafa náð að sparka í brotþola nema einu eða tvisvar sinnum í lokin. Ákærði Guðmundur lýsti því fyrir dómi að brotþoli hafi gengið aftur á bak eða bakkað, eins og ákærði orðaði það, líklega af því að strákarnir hafi verið að elta brotþola en þá kvaðst ákærði Guðmundur hafa verið í alla vega fimm metra fjarlægð frá brotþola. Þá verður ekki annað ráðið af framburði ákærða Guðmundar, líkt og framburði hinna ákærðu, en að ákærði Guðmundur hafi talið sig eiga harma að hefna gagnvart brotþola eins og áður er rakið. Með vísan til alls þessa þykir ekki óvarlegt að telja framkomna nægilega sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, fyrir því að ákærði Guðmundur hafi tekið þátt í atlögunni að brotþola með því að snúa

brotþola niður með þeim afleiðingum að brotþoli féll í götuna, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Með vísan til 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. áðurnefndra laga hefur ákærvaldinu hins vegar að mati dómsins ekki tekist að færa fram lögfulla sönnun þess að brot á vinstri framhandlegg brotþola megi rekja til þess falls og verður í því sambandi að líta til framburðar brotþola sjálfs um það með hvaða hætti hendingin hafi brotnað. Með vísan til alls þessa verður háttsemi ákærða Guðmundar því eingöngu heimfærð undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### *Ákvörðun refsingar.*

Eins og áður er rakið töldu ákærðu að brotþoli hafi átt upptök að átökunum með því að slá ákærða Aron meðan ákærði var enn inni í Chevrolet-bifreiðinni og síðan ákærða X fyrir utan bifreiðina. Í málinu liggur frammi vottorð um komu ákærða X á slysa- og bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi síðdegis þann 10. apríl 2011 þar sem tilgreind er blæðing undir húð á tveimur stöðum upp undir hársverði. Framangreind frásögn ákærðu er studd vitnisburði vitnisins Bjarka, vinar ákærðu, sem kvaðst hafa séð brotþola kýla ákærða X og vitnisins Geirs, bróður ákærða X, sem kvaðst hafa séð brotþola slá ákærðu Aron og X. Með vísan til þessa, framburðar ákærðu um ástæðu þess að þeir fóru allir út úr bifreiðinni eftir að brotþoli krafði þá svara um það hver hafi kallað á eftir honum „hommi“, framburðar brotþola sjálfs um að hann hafi verið pirraður, reiður og æstur þegar hann kom að bifreið ákærðu, sem fær stoð í framburði vitnisins Jóhannesar, þykir ekki varhugavert að leggja til grundvallar að aðdraganda atlögu ákærðu að brotþola megi rekja til þess að brotþoli hafi átt upptökin að átökunum með árás eða ertingu í garð ákærðu. Verður því við ákvörðun refsingar ákærðu Arons, Atla og Guðmundar litið til 3. mgr. 218. gr. b. ákærðu til málsbóta. Á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá því að ákærðu Aron, Atli og Guðmundur réðust að brotþola þar sem hann lá á jörðinni og baðst vægðar og teljast þeir þannig hafa unnið verkið í félagi og horfir það ákærðu til refsipýngingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Aron Gunnarsson hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki sætt refsingum svo kunnugt sé, en ákærði var 17 ára þegar hann framdi brot það sem hann hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu. Með vísan til 2. tl. 74. gr., 3. mgr. 218. gr. b og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þess að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir líkamsárás, þykir refsing ákærða Arons hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Atli Freyr Garðarsson er nú sakfelldur fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt framlögðu sakavottorði gekkst ákærði undir 20.000 króna sektargreiðslu hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 25. nóvember 2011 fyrir umferðarlagabrot. Með vísan til ungs aldurs ákærða, en ákærði var 18 ára þegar hann framdi brot það sem hann er nú sakfelldur fyrir í máli þessu, og 3. mgr. 218. gr. b og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

og þess að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir líkamsárás, þykir refsing ákærða Atla, sbr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Guðmundur Freyr Böðvarsson er nú sakfelldur fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt framlögðu sakavottorði gekkst ákærði undir 37.500 króna sektargreiðslu hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 12. janúar 2009 fyrir fíkniefnalagabrot. Þá var ákærði dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi í þrjú ár fyrir þjófnað með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þann 14. janúar 2010. Ákærði Guðmundur hefur með broti því sem hann er nú sakfelldur fyrir í máli þessu rofið skilorð dómsins frá 14. janúar 2010 og ber því nú að dæma í einu lagi bæði málin sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hafa hliðsjón af 77. gr. sömu laga við refsíákvörðun. Þá er einnig við refsíákvörðun litið til 3. mgr. 218. gr. b og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi, en rétt þykir með vísan til ungs aldurs ákærða og þess að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir líkamsárás að ákveða að fresta skuli fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í þrjú ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

#### *Einkaréttarkrafa*

Brotapoli, Örvar Þór Arason, gerir skaða- og miskabótakröfu í málinu fyrir ófyrirleitna og hættulega aðför sem hafi haft í för með sér mikla áverka fyrir brotþola, m.a. handleggsbrot. Auk þess gerir brotþoli kröfu um vexti og málskostnað samkvæmt 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Samkvæmt greinargerð brotþola er gerð miskabótakrafa á grundvelli 26. gr. skaðabotalaga að fjárhæð 700.000 krónur. Þá vísar brotþoli um vexti til 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 en um dráttarvexti til 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga.

Með vísan til 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er miskabótakröfu á hendur ákærða X vísað frá dómi.

Verjandi ákærða Arons krefst þess að bótakrafa verði lækkuð. Verjandi ákærða Atla krefst þess aðallega að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu og til þrautavara lækkunar kröfunnar. Verjandi ákærða Guðmundar krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð. Að mati dómsins þykja miskabætur hæfilega ákvarðaðar 150.000 krónur sem ákærðu Aron, Atli og Guðmundur greiði brotþola in soldium. Vextir af tildæmdum bótum skulu reiknast samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 10. apríl 2011 til 6. apríl 2012, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga, frá 6. apríl 2012, en þann dag var liðinn mánuður frá birtingu bótakröfunnar, til greiðsludags. Þá greiði ákærðu Aron, Atli og Guðmundur brotþola in soldium 238.450 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti í málskostnað, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

### *Sakarkostnaður*

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 216. gr. sömu laga greiði ákærðu Aron, Atli og Guðmundur sameiginlega 49.200 krónur í sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti og málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna vegna vinnu við meðferð málsins fyrir dómi sem hér segir: Ákærði Aron greiði Sveini Andra Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, 326.300 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði Atli greiði Guðmundi St. Ragnarssyni héraðsdómslögmanni, 326.300 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði Guðmundur greiði Vilhjálmi Hans Vilhjálmsyni hæstaréttarlögmanni, 326.300 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Með vísan til 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 216. gr. sömu laga skulu málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða X, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hæstaréttarlögmanns, 326.300 krónur, greidd úr ríkissjóði.

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Selfossi, flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X er sýkn af kröfum ákæruvaldsins. Einkaréttarkröfu á hendur ákærða X er vísað frá dómi.

Ákærði, Aron Gunnarsson, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Atli Freyr Garðarsson, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Guðmundur Freyr Böðvarsson, sæti fangelsi í 45 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í þrjú ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu Aron, Atli Freyr og Guðmundur Freyr greiði sameiginlega 49.200 krónur í sakarkostnað. Ákærðu greiði málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna vegna vinnu við meðferð málsins fyrir dómi sem hér segir: Ákærði Aron greiði Sveini Andra Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, 326.300 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði Atli greiði Guðmundi St. Ragnarssyni héraðsdómslögmanni, 326.300 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði Guðmundur greiði Vilhjálmi Hans Vilhjálmsyni hæstaréttarlögmanni, 326.300 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða X, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hæstaréttarlögmanns, 326.300 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Aron Gunnarsson, Atli Freyr Garðarsson og Guðmundur Freyr Bøðvarsson, greiði in solidum Örvari Þór Arasyni, kt. 000000-0000, 150.000 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 10. apríl 2011 til 6. apríl 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sbr. 9. gr. sömu laga, frá 6. apríl 2012 til greiðsludags og 238.450 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti í málskostnað.

Ragnheiður Thorlacius.